

er öðrum þræði afsal, er nokkru af landi Háfs afsalað til eigenda Háfshóls, og kom full greiðsla fyrir. Sáttargerð þessari var þinglýst á manntalsþingi Ásahrepps á árinu 1933.

Óumdeilt er, að skurður sá, sem gerðarpolar hafa fyrirhugað að grafa, sé rétt dreginn inn á uppdrátt á dskj. nr. 8 samkvæmt framangreindri sáttargerð.

Ljóst virðist vera eftir þeim málavöxtum, sem fyrir liggja, að landskiptagerð sú, sem gerðarbeiðandi byggir lögbannskröfu sína á, hafi ekki verið í gildi um þau merki, sem mál þetta varðar, síðan umgetin sátt komst á hinn 20. janúar 1932, enda hefur gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á, að hann hafi öðlast betri rétt til umrædds lands en fyrri eigendur jarðarinnar Háfs höfðu.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, verður að líta svo á, að fyrirhugaður skurðgröftur gerðarpola í mörkum síns lands væri ekki slíkt réttarbrot gagnvart gerðarbeiðanda í skilningi 26. gr. laga nr. 18/1949, að lögbanni geti varðað.

Ber því að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð nái fram að ganga, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Umbeðið lögbann skal eigi ná fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. maí 1975.

Nr. 68/1975. **Othar Örn Petersen**

gegn

Guðjóni Ingvarssyni og

Hólmari Víði Gunnarssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Vixill. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. apríl 1975, sem barst Hæstarétti 14. maí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjar-

pigs Reykjavíkur í máli þessu á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Reisa þeir kröfu sína á því, að sóknaraðili sé eigi réttur aðili máls þessa, þar sem hann hafi víxilinn til innheimtu fyrir eiganda hans, Jón Valgeirsson.

Sóknaraðili hefur formlega heimild að víxlinum fyrir eyðuframsal. Honum var því rétt að innheimta víxilinn í eigin nafni. Varnaraðiljar hafa ekki haft uppi varnir, sem komið yrði að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, gagnvart Jóni Valgeirssyni. Ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Rétt er, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja kr. 7.000 í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Varnaraðiljar, Guðjón Ingvarsson og Hólmur Víðir Gunnarsson, greiði sóknaraðilja, Othari Erni Petersen, kr. 7.000 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. apríl sl., hefur Othar Örn Petersen héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. maí 1974, gegn Guðjóni Ingvarssyni, Bergstaðastræti 27, Reykjavík, og Hólmari Gunnarssyni, Hverfisgötu 100, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 200.000, stimpilkostnaðar, kr. 480, afsagnarkostnaðar, kr. 190, 1½ % dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 28. febrúar 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar við löghald og mál þetta

samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá er krafist staðfestingar á löghaldi því, er gert var 24. apríl 1974 í réttindum Hólmars Gunnarssonar í jarðhæð að Hverfisgötu 100, Reykjavík.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Stefnandi segir skuld þessa vera samkvæmt vixli að fjárhæð kr. 200.000, útgefnum í Reykjavík 15. nóvember 1973 af stefnda Hólmari Gunnarssyni og samþykktum af Stefnda Guðjóni Ingvarsyni með gjalddaga 28. febrúar 1974 til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, áböktum af stefnda Hólmari og afsögðum 4. mars 1974.

Leitast hefur verið við að setta mál þetta, en án árangurs.

Af hálfu stefnanda eru kröfur byggðar á vixlinum og endurriti löghaldsgerðar á dskj. nr. 3.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að í máli þessu verði ekki komið að öðrum vörnum en þeim, sem heimilaðar eru samkvæmt 208. gr. laga nr. 85 frá 1936. Gera verði skýran mun á efnisákvæðum víxillaga og réttarfarsákvæðum 17. kafla einkamálaganna, sem takmarki enn rétt til varnar frá því, sem í víxillögum greinir.

Í málinu hafi ekki verið sýnt fram á, að hagsmunir stefndu séu þess eðlis, að aðild skipti máli. Engar þær ástæður hafi komið fram í málinu, að stefndu hafi einhverja hagsmuni af því að fá það upplýst, hver sé eigandi víxilsins. Stefnandi sé annað hvort eigandi víxilsins eða hafi hann til innheimtu. Síðasta framsal á vixlinum sé eyðuframsal og þess vegna sé handhöfn stefnanda nægileg.

Af hálfu stefndu hafa fyrir utan greinargerð verið lögð fram m. a. eftirrit af kærnum stefndu, dags. 6. mars 1974 og 8. maí 1974, til bæjarfógetans á Siglufirði og eftirrit af kaupsamningi, dags. 15. nóvember 1973, milli Jóns Valgeirssonar sjómanns, Siglufirði, sem seljanda og stefndu Hólmars og Guðjóns sem kaupenda um kaup á m/b Skálafelli.

Í greinargerð stefndu er því haldið fram, að Jón Valgeirsson hafi fengið víxil þann, sem mál þetta er af risið, í hendur með því að selja bát, sem hann átti ekki. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að Jón Valgeirsson eigi ennþá víxilinn og þar sem handhöfn hans sé fengin með eins stórkostlegu misferli og raun sé á, þá hafi hann engan rétt til að innheimta hann. Það eina rétta, sem hann geti gert við víxilinn, sé að skila honum til stefndu.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefndu gerð krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur

málskostnaður að skaðlausu. Jafnframt var gerð krafa um það, að löghald það, sem gert var 24. apríl 1974 í réttindum Hólmars Gunnarssonar í jarðhæð að Hverfisgötu 100, Reykjavík, verði fellt niður.

Jafnframt var vakin athygli á því, að stefnandi hafi neitað að gefa upp, hver sé eigandi víxilsins. Það skipti miklu í víxilmáli, hver sé eigandi víxils.

Víxlinum á dskj. nr. 3 er rétt lýst í stefnu. Síðasta framsal á víxlinum er eyðuframsal, og byggist handhöfn stefnanda því á formlega löglegri heimild.

Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að víxill sá, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, sé til orðinn í viðskiptum stefndu við Jón Valgeirsson. Þegar litið er til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram í málinu af hálfu stefndu, þá þykir efnisdómur ekki verða lagður á mál þetta, fyrr en upplýst hefur verið af hálfu stefnanda, hvort Jón Valgeirsson er eigandi víxilsins eða ekki. Skoðun þessi byggist á því, að aðrar varnarástæður fái komist að gagnvart Jóni Valgeirssyni en stefnanda.

Við munnlegan málflutning kvaðst lögmaður stefnanda ekki vilja lýsa því yfir, að stefnandi væri eigandi víxilsins, og kvaðst ekki upplýsa frekar, hver væri eigandi hans, en stefnandi væri löglegur handhafi víxilsins. Ekki gat lögmaðurinn gefið skýringu á því, hvers vegna nafnið Jón Valgeirsson er ritað með blýanti á stefnuna.

Þar sem því hefur verið neitað af hálfu stefnanda að upplýsa, hvort stefnandi er eigandi víxilsins eða ekki, þykir bera að vísa máli þessu frá dómi ex officio, sbr. 116. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.